

STEFNUR UM VIÐSKIPTAHÆTTI

Bakgrunnur

Eftirfarandi stefnur eiga við Alcoa Corp. („Alcoa“) um allan heim og öll dótturfyrirtæki þess á alþjóðavettvangi og í Bandaríkjunum, hlutdeildarfélög, samstarfsaðila, áhættufyrirtæki og önnur viðskiptatengsl sem eru undir virkri stjórn Alcoa, beint eða óbeint (saman nefnt „Fyrirtækið“) og alla forstjóra, stjórnendur og starfsmenn Fyrirtækisins.

Allir stjórnendur og yfirmenn Fyrirtækisins bera ábyrgð á miðlun og framkvæmd þessara stefna innan sértækra ábyrgðarsviða þeirra.

Stefnur okkar

1. Fyrirtækið og stjórnendur þess, yfirmenn og starfsmenn skulu fylgja öllum lögum og reglugerðum sem eiga við athafnir Fyrirtækisins, starfsreglum fyrirtækisins og öllum viðeigandi stefnum og verklagi fyrirtækisins, þar á meðal en ekki takmarkað við þau sem auðkennd eru í þessum stefnum um viðskiptahætti.
2. Allir stjórnendur, yfirmenn og starfsmenn skulu fylgja stefnu Fyrirtækisins um innherjaviðskipti.
3. Móttaka eða greiðsla fjármuna, eigna, þjónustu eða eitthvað annað sem verðgildi hefur skal ekki fara fram af Fyrirtækinu með það í huga eða skilning að hluti þess sé notaður í ólöglegu skyni eða í öðru skyni en lýst er í skjölunum sem veita sönnun eða styðja færsluna.
4. Fylgni við viðurkenndar reikningsskilareglur og stjórn er nauðsynleg á öllum stundum. Allar skýrslur og skjöl sem skilað er inn til verðbréfa- og kaupþingsnefnd Bandaríkjanna (Securities and Exchange Commission) eða annarrar opinberrar stofnunar, sem og allar aðrar opinberar yfirlýsingar, skulu innihalda heildstæðar, sanngjarnar, nákvæmar og tímanlegar yfirlýsingar.
5. Ekki má færa neinar falsaðar færslur, gervifærslur eða villandi færslur í bækur og skrár Fyrirtækisins af neinni ástæðu. Ekki má búa til eða viðhalda neinum fjármunum eða eign sem er ekki að fullu og á viðeigandi máta færð inn né neinar bókhaldsfærslur eða bókhald sem endurspeglar ekki að fullu þær færslur sem slíkt tengist.
6. Allir stjórnendur, yfirmenn og starfsmenn skulu fylgja stefnu Fyrirtækisins gegn spillingu og álíka starfsreglum.
7. Þjóða má eða gefa gjafir, gestrisni og ferðalög á kostnað fyrirtækisins, eða ef samþykktar eru af stjórnendum, yfirmönnum eða starfsmönnum í tengslum við rekstur Fyrirtækisins, í samræmi við viðeigandi stefnu og starfsreglur fyrirtækis.
8. Fyrirtækið virðir rétt starfsmanna á því að nýta sinn eigin tíma og úrræði til að styðja við þá stjórnmalastarfsemi sem þeir kjósa. Þegar starfsmenn taka þátt sem einstaklingar í opinberum málefnum eða í ferli stjórn mála verður slík athöfn að eiga sér stað þegar einstaklingar hegða sér sem einkaaðilar og nota ekki eignir fyrirtækisins. Fyrirtækið sjálft er rekið undir lagalegum takmörkunum varðandi þátttöku í stjórnmalastarfsemi. Hagsmunavarsla er undir ströngu eftirliti og verður hún að fylgja starfsreglum fyrirtækisins um kostnað og tíma sem starfsmenn eyða í stjórnvalds- og stjórnmalastarfsemi og þarf slíkt að fá fyrirfram samþykki frá deild stjórnvaldsmála.

9. Pátttaka í málefnum er varða opinbera stefnu á heimsvísu er þýðingarmikil fyrir árangur Alcoa. Með yfirsýn og fyrirfram samþykki frá deild stjórnvaldsmála og, þegar við á, öðrum hagsmunaaðilum, getur fyrirtækið tekið þátt í ákveðnum málefnum er varða opinbera stefnu og sett ákveðin úrræði í slíkt. Stefna fyrirtækisins bannar Alcoa að leggja fram framlög (reiðufé eða aðrar eignir) til pólitískra frambjóðenda eða stjórnmalaflokka, í samræmi við starfsreglur Fyrirtækisins um Framlög til stjórn mála – Frambjóðendur og málefni. Fyrirtækinu er hins vegar heimilt að styðja stjórnmalanefndir starfsmanna eins og leyfilegt er samkvæmt gildandi lögum og í samræmi við reglugerðir eða önnur stjórnunartæki sem varaforstjóri, yfirlögfræðingur og ritari eða yfirmaður siðareglna og reglufylgni hafa samþykkt.
10. Stjórnendur, yfirmenn og starfsmenn mega ekki búa við hugsanlegan eða raunverulegan hagsmunaaðrekstur sem kann að hafa áhrif á ákvarðanir þeirra, ráðleggingar eða skyldur fyrir hönd Alcoa. Allir stjórnendur, yfirmenn og starfsmenn skulu fylgja stefnu Fyrirtækisins um hagsmunaaðrekstur.
11. Allir stjórnendur, yfirmenn og starfsmenn bera ábyrgð á að vernda eignir Fyrirtækisins, þar á meðal upplýsingar sem á er eignarréttur og upplýsingar þriðja aðila sem á er eignarréttur hvað varðar skuldbindingar Fyrirtækisins á sviði trúnaðar og takmarkaða notkun. Enginn stjórnandi, yfirmaður eða starfsmaður mun nýta sér tækifæri sem uppgötvast við notkun á eign Fyrirtækisins, upplýsingum eða stöðu, eða notkun á eign Fyrirtækisins eða upplýsingum í persónulegu ábataskyni.
12. Hver sá stjórnandi, yfirmaður eða starfsmaður sem uppgötvar atvik sem eru raunveruleg eða hugsanleg fjármálasvik verður að tilkynna slíkt atvik innan fyrirtækis til varaframkvæmdastjóra, aðalyfirmanns lagadeildar og ritara, yfirmanns siðareglna og reglufylgni eða heilindalínunnar í samræmi við tilkynningaverklag Fyrirtækisins um fjármálasvik.
13. Hefndaraðgerðir eru ekki á neinn hátt liðnar. Hefndaraðgerðir eru allar myndir fjandsamlegrar meðferðar eða refsingar gagnvart manneskju af því að hann eða hún vann í samræmi við lög eða stefnu Fyrirtækisins, tilkynnti um meinta misgerð í góðri trú eða tók þátt í innri rannsókn eða rannsókn yfirvalda, eða aðgerð sem tókst á við eitthvert slíkt mál. Allir stjórnendur, yfirmenn og starfsmenn skulu fylgja stefnu Fyrirtækisins gegn hefndaraðgerðum.
14. Brot á áðurnefndum stefnum af höndum yfirmanns eða starfsmanns mun leiða til þess að gripið verður til viðeigandi refsingar sem kann að fela í sér stöðulækkun eða uppsögn.